

Opinn hugbúnaður í framhaldsskóla - sýn og reynsla.

Ragnar Geir Brynjólfsson.

Tölvunarfræði BS HÍ '89.

Uppeldis- og kennslufr. HÍ '89.

Okt. 2009

Hóf störf við Fjölbrautaskóla Suðurlands
að loknu námi '89. Hef starfað þar síðan við kennslu
og kerfisstjórn.

Langtímasýn skólans

Ákvörðuð af stjórnvöldum:

Stefna stjórnv. um f & op. hugb. des. 2007.

Bréf ráðuneytis. til framhaldssk. ágúst 2009.

=>Stefna skólans: Notaður verði frjálss eða opinn hugbúnaður nema þar sem hægt er að rökstyðja að hann fullnægi ekki þeim kröfum sem gerðar eru. Þetta á við allan hugbúnað, ss. stýrikerfi, skrifstofukerfi, vefskoðara, netstýrikerfi, kennslukerfi ofl.

Reynsla

Höfum notað Linux þjóna síðan 1997.

Í notkun núna er: Linux, Apache, MySQL, Send-mail/Postfix+Gmail, Squid, Iptables, phpMyAdmin, Joomla, Moodle, freeRadius.

Heimasmíðuð: Forrit f. upplýsingaskjái, Innu->Microsoft samtengiforrit, Innu->Angel samtengiforrit. Getur nýst öðrum.

Góð tilfinning að starfsemi sé óháð því að sérfræðingur mæti, setji upp eða lagi hlutina.

Reynsla – samanburður

Misjöfn reynsla af keyptum kerfum. Eitt dæmi um að héraendur sérfræðingar gátu ekki lagað vandamál sem tengdist úthlutun notendaleyfa á keyptu kerfi. Not. leyfi gjarnan vandi.

Annað dæmi um keypt kerfi þar sem uppfærsla keyrðist ekki rétt inn. Olli einnig röskun á starfsemi.

Engin sambærileg dæmi um röskun á starfsemi ennþá í tilfelli opinna kerfa.

Reynsla – samanburður óháður verði og þjónustu

Styrkur keyptra kerfa er að þau ryðja brautina hvað nýjungar varðar og bjóða upp á marga möguleika. Veikleiki er að þau breytast ört og gjarnan mikið. Reynir á góðvilja notenda. Eykur kostnað við endurmenntun og vélbúnað.

Styrkur opinna kerfa er tregða gagnvart breytingum. Sérlausnir með heimasmiðuðum forritum og gjarnan þýðingar. Veikleiki að þau ryðja síður tæknilegu brautina.